



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

## **Fundargerð 55. fundar skólanefndar.**

**Dagsetning: þriðjudagur 6. september 2011**

**Viðstaddir:** Kjartan Páll Einarsson (formaður), Jón Eggert Bragason, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Ívar Sindri Karvelsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundargesti velkomna. Formaður skólanefndar Kjartan Páll var endurkosinn samhljóða.

### Dagskrá:

- Nýir starfsmenn við FSN á haustönn 2011.* Alls voru ráðnir 4 nýir kennarar á haustönn 2011, Birna Gunnlaugsdóttir, félagsgreinar og sálfræði, Freydís Bjarnadóttir, stærðfræði og viðskiptagreinar, Hafsteinn Mar Sigurbjörnsson, enska, og Steindóra K Þorleifsdóttir Pedersen, danska og námsaðstoð. Anna Vilborg Rúnarsdóttir hefur verið ráðin sem deildarstjóri framhaldsdeildarinnar á Patreksfirði og Ása Dóra sem starfsmaður í 75% og við stærðfræðiaðstoð 25% í deildinni á Patreksfirði. Þá hefur verið ráðinn Arna Mjöll Karlsdóttir sem stuðningsfulltrúi og Ingibjörg Þórolfsdóttir, ræstingar. Á þessu skólaári verður Hrafnhildur Hallvarðsdóttir í námsleyfi. Barbara Fleckinger er að hluta til í leyfi en var fengin til að kenna einn áfanga í spænsku í fjarnámi. Jóhann frá FAS mun kenna spænsku í fjarfundi. Gerður var samningur við FAS um að þeir fái 80% af loknum einingum og FSN 20%. Nokkrir nemendur úr Menntaskólanum á Tröllaskaga eru í yndislestri í íslensku í FSN eftir sömu reiknireglu. Þetta eru fyrstu nemendaskiptin sem hafa átt sér stað á milli þeirra skóla sem ákváðu að fella niður innritunar- og fjarnámsgjöld sín á milli.
- Nemendafjöldi haustið 2011 – Áætlaðir ársnemar.* Vorönn 2011 skilaði ekki nema 180 ársnemunum. Búið er að lækka fjárframlög úr 210 ársnemunum í 205 ársnema. Nokkuð erfitt verður að ná 205 ársnemunum á árinu þrátt fyrir að búið sé að innrita 249 nemendur á haustönn 2011. Dreifnámsgjald kr. 10.000 fer óskipt til kennarans.
- Framhaldsdeildin á Patreksfirði.* Skólameistari fór á Vestfirði í ágúst og óskuðu Vestfirðingar eftir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Skólanefnd sér ekkert því til fyrirstöðu. Hægt verður að nota fjarfundabúnað. Í deildinni eru skráðir 27 nemendur til náms á haustönn 2011. Þar af eru 13 nýnemar. Ekki er búið að undirrita samning vegna framhaldsdeildar á Patreksfirði. Samþykkt var á ríkisstjórnarfundi í apríl að auka menntunarstig á Vestfjörðum. Þar var ákveðið að FSN fengi sex milljónir til þess að við gætum þjónað deildinni á Patreksfirði betur. Skólameistari hefur undirritað samning um þessa fjárveitingu og verða 4,8 m.kr. greiddar á þessu ári og rest (20%) árið 2013 þegar skýrsla hefur verið gerð. Fyrir þessa fjárveitingu þarf



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

meðal annars að fjárfesta í tækjabúnaði sem styður starfsemina í framhaldsdeildinni.

4. *Námskrárvinnan – Nýir áfangar í FSN.* Það hefur ekki verið ákveðið hvenær verður farið að kenna eftir lögum frá 2008. Frestur er til að taka upp lögina til ársins 2014. Verið er að kenna nýjan áfanga á haustönn 2011 sem er byggður upp í samræmi við nýju lögina. Skólinn fékk fé út á þennan áfanga. Tveir kennarar við skólann eru í meistaranámi, Hrafnhildur og Sólrún og ætla þær að skoða hversu mikið skólinn þarf að breyta til þess að taka upp lögina frá 2008.
5. *Fjarnámsbraut í auðlindanýtingu og umhverfisfræðum.* Vonir standa til þess að geta boðið upp á fjarnám í auðlindanýtingu og umhverfisfræðum á landsvísu næsta haust. Um er að ræða samstarf FSN, Menntaskólans á Tröllaskaga, Menntaskólans á Egilsstöðum og Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu. Hugmyndin gengur meðal annars út á styrkingu við nærsamfélagið. Á vorönn verður farið í það ferli að fá brautina samþykkt. Verkefnastjóri mun halda fund í FSN 14. september og er skólanefnd boðið á fundinn. Gaman væri að boða vel valda gesti á fundinn og óskar skólameistari eftir ábendingum frá skólanefndarfólki í tölvupósti, fimm úr hverju sveitarfélagi.
6. *Grunnskólanemendur* – sveitarfélögin geta samið við kennara við FSN um kennslu.
7. *Fjármál* – FSN skilaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu áramót 2010-2011 og barst reglulega rekstrarfé þangað til í júní en ekki hefur borist fé síðan þá. Skólameistari var boðaður á fund þann 6. september til að fara yfir fjárhagsmál skólans. Fundinn sátu 3 fulltrúar frá fjármálasviði, 2 fulltrúar frá skólasviði og skólameistari. Skrifstofustjóri á skrifstofu menntamála er á þeirri skoðun að skólameistari sé búinn að standa við sitt og nú sé komið að ráðuneytinu. Hann er þeirrar skoðunar að losa eigi skólann við yfirdráttinn. Skólameistari bar það undir skólanefnd hvort að Jeratún geti lækkað leiguna því að hún er nokkuð há á hvern fermetra. Skólanefnd samdi ekki við Jeratún á sínum tíma heldur menntamálaráðuneytið og er það skoðun skólanefndar, að ráðuneytið og Jeratún geti eingöngu tekið upp samninginn.
8. *Skólaakstur* - Búið er að undirrita samning um akstur á Snæfellsnesi við Hóþferðabíla Svans Kristóferssonar og samning um akstur á Vestfjörðum við Keran Stueland Ólafsson.
9. *Mötuneyti* – samningur var endurnýjaður við Kaffi 59 án vísitöluhækkunar alla vega til áramóta. Mikil eftirspurn er eftir mat og langar biðraðir. Forseti nemendafélagsins skoðar hvort nemendafélagið geti aðstoðað.



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

#### 10. Önnur mál

- Mikil ánægja er með busaball NFSN. Nemendur voru skólanum og sjálfum sér til sóma. Góð mæting var í skólann daginn eftir ball. Það hefur verið rætt hvort að það ætti að gefa frí í fyrsta tíma eftir daginn eftir ball og fjölga þá um einn dag á önn.
- FSN er í Comeniusar verkefni og eru fyrirhugaðar utanlandsferðir á þessari og næstu önn.

Fundi slitið kl. 18.